

Svo skal umsækjandi og færa sönnur á, að hann hafi að jafnaði undanfarna 3 mánuði verið bifreiðarstjóri. 144  
9. febr.

Við próf það, sem nefnt er í þessari grein, skal auk prófdómara vera meðdóm- andi, sem stjórnarráðið skipar.

Standist umsækjandi prófið, tilkynnir prófdómari það lögreglustjóra, sem sðar lætur bæta við á ökuskírteinið hlutaðeigandi heimild til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga.

Fyrir þetta próf greiði umsækjandi 20 kr., sem skiftist jafnt milli pródómenda. Ákvæði um stundarsakir í sambandi við 10.:

Fyrir 1. apríl næstkomandi skulu þeir, sem hafa venjulegt ökuskírteini og óska framvegis að hafa heimild til þess að stýra leigubifreið til mannflutninga, hafa leyst af hendi þetta hið meira próf, ella er þeim frá þeim tíma óheimilt að stýra slíkri bifreið. Undanskildir þessu ákvæði eru þeir, sem hafa tekið hið venjulega próf fyrir 1. janúar 1919, ef þeir geta fært sönnur á, að þeir hafi stýrt bifreið að jafnaði undanfarið ár (1919), og ekki orðið valdandi að neinu slysi, enda að dómi lögreglustjóra duglegir og ábyggi- legir bifreiðarstjórar. Geta þeir þá próflaust fengið heimild þá, sem um ræðir, skrifaða á skírteini sitt.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi B-kafli reglugjörðar um bifreiðar og próf fyrir bifreiðarstjóra frá 28. apríl 1915 og enn fremur reglugjörð um breyting á og viðauka við sömu reglugjörð frá 17. desember 1917.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. febrúar 1920.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

## Reikningur

145

yfir Landhelgissjóð Íslands árið 1919.

### Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1919, B, bls. 129):	
Í Landsbankanum .....	kr. 138068,33
2. Tillag úr ríkissjóði .....	— 20000,00
3. Vextir .....	— 6043,84
	<hr/>
	Kr. 164112,17

### Gjöld:

Í Landsbankanum .....	kr. 164112,17
	<hr/>
	Kr. 164112,17

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 31. janúar 1920.

*Oddur Hermannsson.*